

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300 7. júní 1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður fylgiskjal, skv. augl. nr. 155/1991 sbr. og ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 300/1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júlí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 325

2. júlí 1991

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna-
ritara nr. 161, 30. mars 1987, sbr. breytingu á þeirri reglugerð
nr. 162, 21. mars 1988.**

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi í lækna-ritun skv. námsskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið samþykkir.

Leyfi má og veita þeim sem lokið hafa námi frá skólum erlendis sem viðurkenndir eru af heilbrigðisvöldum viðkomandi lands. Umsækjendur skulu hafa næga kunnáttu í réttarreglum er lúta að starfinu. Leita skal umsagnar Félags íslenskra lækna-ritara og landlæknis áður en leyfi samkvæmt þessari málsgrein er veitt.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er ráðherra heimilt fram til 31. desember 1991 að veita þeim starfsleyfi er hófu störf fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og sem uppfylla verklagsreglur um veitingu leyfa.

Þeim sem ekki uppfylla verklagsreglur en hófu störf fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal heimilt að veita starfsleyfi að undangenginni þátttöku í sérstöku löggildingarnámskeiði og að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

Skipa skal sérstaka nefnd til að hafa umsjón með slíku námskeiði. Nefndinni er heimilt að ákveða að námskeiðið skuli tvískipt eftir menntun og starfsreynslu þátttakenda.

Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins, Félags íslenskra lækna-ritara, menntamálaráðuneytisins og landlæknis.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta öðlast gildi 15. júlí.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.